

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

*Deiliskipulag fyrir kirkjugarð í Þorlákshöfn.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 27. febrúar 2020, nýtt deiliskipulag fyrir kirkjugarð í Þorlákshöfn. Deiliskipulagið setur skilmála um grafir, duftgrafir og gróður fyrir stækkun kirkjugarðs við Þorláskirkju.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Nýtt deiliskipulag fyrir Kvíarhól í Ölfusi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 29. október 2020, nýtt deiliskipulag fyrir Kvíarhól. Deiliskipulagið markar byggingarreit og setur skilmála fyrir byggingu reiðhallar á landinu í samræmi við heimildir aðalskipulags.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Nýtt deiliskipulag fyrir Þóroddsstaði 2, lóð H í Ölfusi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 28. janúar 2021, nýtt deiliskipulag fyrir lóðina Þóroddsstaði 2 – lóð H. Deiliskipulagið markar byggingarreit og setur skilmála fyrir byggingar á landinu í samræmi við heimildir aðalskipulags.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Nýtt deiliskipulag fyrir Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 28. janúar 2021, nýtt deiliskipulag fyrir landið Kirkjuferjuháleigu. Deiliskipulagið markar þrjár nýjar lóðir á landinu ásamt byggingarreit og setur skilmála fyrir byggingar í samræmi við heimildir aðalskipulags.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 31. mars 2021.*

**Gunnlaugur Jónasson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. apríl 2021